

Skipulagsstofnun  
Jakob Gunnarsson  
Borgartún 7b  
105 Reykjavík



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík 8. júní 2017  
UST201705-103/B.S.  
10.04.00

### Efni: Mat á umhverfisáhrifum – Landmannalaugar. Umsögn

Vísað er til bréfs Skipulagsstofnunar dags. 9. maí sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um hvort og á hvaða forsendum ofangreind framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum.

Um er að ræða uppbyggingu innviða í Landmannalaugum þar sem áhersla verður lögð á að draga helstu mannvirki að jaðri Landmannalaugasvæðisins og að Fjallabaksleið sem er helsta aðkomuleið að Landmannalaugum. Þessum mannvirkjum er ætlað að koma í stað ýmiskonar mannvirkja sem nú er að finna í Landmannalaugum. Uppbygging á svæðinu verður í áföngum og lögð verður áhersla á afturkræfa mannvirkjagerð. Lögð er áhersla á látlaus mannvirki sem fela ekki í sér mikla aukningu byggingarmagns frá því sem nú er.


Umhverfisstofnun telur mjög jákvætt að lögð sé fram áætlun um uppbyggingu í Landmannalaugum þar sem svæðið hefur látið verulega á sjá og sumir innviða hafa verið með frumstæðasta móti. Stofnunin telur jákvætt að hér sé lögð áhersla á að draga mannvirki að jaðri þess svæðis sem fjölsóttast er þannig að sjálft svæðið fá notið sín með eins lítilli mannvirkjagerð og kostur er. Umhverfisstofnun telur jákvætt að uppbygging aðstöðu muni fela í sér vissa stýringu á fjölda þeirra sem geta gist í Landmannalaugum í hvert sinn auk þess sem áfangaskiptar framkvæmdir gefa kost á því að aðlaga síðari áfanga að þeirri reynslu sem fæst af reksti fyrri áfanga. Umhverfisstofnun telur mikilvægt að reynt sé eins og kostur er að gera bílastæði utan kjarna helstu ferðamannastaða sérstaklega þar sem ökutæki geta orðið mjög áberandi.


Framkvæmdasvæðið er að hluta á síbreytilegum áreyrum þar sem endurheimt fyrir ásýndar er auðveld væri þess óskað.

Að teknu tilliti til ofangreindra atriða telur Umhverfisstofnun ekki líklegt að umrædd framkvæmd muni hafa umtalsverð umhverfiáhrif í för með sér.

Framkvæmdir innan friðlands að Fjallabaki eru háðar leyfi Umhverfisstofnunar.

Virðingarfyllt

  
Björn Stefánsson  
Sérfræðingur

  
Agnar Bragi Bragason  
Teymisstjóri